



Fundargerð 61. fundar stjórnar Reykjaness jarðvangs ses., haldinn 20. ágúst 2021, kl. 08:15 á Teams (fjarfundur).

Mætt eru: Magnús Stefánsson (formaður), Sigurgestur Guðlaugsson, Árni Sigfússon, Arnbjörn Ólafsson, Fannar Jónasson, Berglind Kristinsdóttir

Forföll: Jón Ásgeirsson, Hanna María Kristinsdóttir, Ásgeir Eiríksson

Starfsmenn: Daníel Einarsson, Puríður Aradóttir Braun

**1. Eldgosið - Starfshópur um uppbyggingu vegna eldgoss, framkvæmdir ofl.**

Farið var yfir stöðuna og það sem hefur farið fram yfir sumarið. Verið er að vinna að spálíkönnum sem sýna mismunandi sviðsmyndir sem nýtast í þá vinnu sem er fram undan s.s. varnargarðar ofl. Töluvert hefur borið á slysum undanfarið og stöðugt er unnið að bættu aðgengi til að minnka líkur á slysum. Sífellt er verið að bregðast við skammtíma áhrifum eldgossins og að þannig sé oft erfitt að horfa til framtíðar og leysa slík verkefni. Almennt fjallað um störf ýmissa starfshópa sem hafa komið að verkefnum tengdu eldgosinu.

Fundarmenn nefna framtak einkaaðila sem erfitt er að ráða við t.a.m. útgáfa á göngukortum sem sýna aðrar leiðir að gosinu en þær sem yfirvöld hafa gefið út að séu öruggar hverju sinni. Visit Reykjaness hefur uppfært allar sínar upplýsingar um eldgosinu á nýrri heimasíðu og síðan hún opnaði um mitt sumar hafa yfir 90 þúsund manns heimsótt síðuna. Yfir 75 þúsund gestir skoðað sérstök kort fyrir gossvæðið á síðunni frá því í lok júlí og um 1500-2000 manns á hverjum degi. Landvörslu á svæðinu lýkur núna um mánaðarmót en þörf er á henni sé haldið áfram. Einnig er unnið að skiltamálum á svæðinu og að auka og samræma skilti sem snúa að öryggi ferðamanna.

**2. Gjaldtaka Reykjaness Aurora við Reykjanessvita/Valahnúk**

Stjórn Reykjaness jarðvangs færir eftirfarandi til bókar:

*Gjaldtaka Reykjaness Aurora við Reykjanessvita er ekki gerð með samþykki Reykjaness jarðvangs og stofnaðila hans. Þá mun stjórn jarðvangsins leita leiða til þess að finna farsæla lausn. Málið verður unnið í samvinnu við lögmann.*

**3. Ársreikningurinn – til afgreiðslu.**

Ársreikningur lagður fram til samþykktar. Ársreikningur samþykktur og verður áritaður af stjórn.

Fannar Jónasson vísar af fundi eftir 3. dagskrárliði.

**4. Erindisbréf SSS – Fagráð áfangastaðastofu Reykjaness**

Erindisbréf SSS frá 769. fundar stjórnar SSS lagt fyrir stjórn Reykjaness jarðvangs. Erindisbréfið er þess efnis að stjórn jarðvangsins verði einnig fagráð Áfangastaðastofu Reykjaness. Stjórn Reykjaness jarðvangs færir eftirfarandi til bókar:



Erindi SSS um að skipa stjórn Reykjanes jarðvangs sem fagráð Áfangastaðastofu Reykjaness var samþykkt.

5. Endurskoðun deiliskipulags orkuvinnslu og iðnaðar á Reykjanesi.

Verkefnastjóra falið að senda erindi á skipulagsyfirvöld innan jarðvangsins að stefnur, skipulag ofl taki mið af því að svæðið sé Hnattrænn UNESCO jarðvangur og sé einstakur á heimsvísu. Þá þurfi Áfangastaðastofan og Reykjanes Geopark að leggja af stað í vinnu sem snýr að langtímaskipulagi fyrir ferðamannasvæði og ferðamannavegi sem varða samnýtingu og samlegð með atvinnusvæðum á Reykjanesskaga. Þá er lagt til að fjallað verði um slíkt skipulag í nýrri áfangastaðaáætlun svæðisins.

6. Nýtt Logo UNESCO – til kynningar.

7. Lokaskýrsla v. Brimketill bætt öryggi og aðgengi – til uppl.

Þarf að laga aðkomu að tröppum sem allra fyrst.

8. Ársskýrsla Samráðsvettvangs jarðvanga á Íslandi – til uppl.

9. UNESCO Global Geopark Youth Forum.

Stjórn Reykjanes jarðvangs bókar eftirfarandi:

*Salka Lind Reynhardsdóttir hefur verið valin fulltrúi íslenskra jarðvanga sem aðalmaður í UNESCO Global Geopark Youth Forum og er staðfest hér með af stjórn.*

10. Önnur mál

engin önnur mál.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9.40

Fundargerð ritaði: Daníel Einarsson

*Daníel Einarsson*  
*Ólafur Þorvaldsson*  
*Ragnýr*  
*Án Ljósvang*

*Ragnýr Stefánsdóttir*  
*Berglind Þorvaldsdóttir*